

STJÓRN STRÆTÓ BS.

211. fundur. Föstudaginn 13. febrúar 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs., á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 08:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, sem yfirgaf fundinn kl. 10:05, Einar Birkir Einarsson, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Kristín Soffía Jónsdóttir. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og fundarritari var Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri.

Tekið fyrir:

1. Stefnumótun

Umræður um næstu skref, m.a. um nauðsyn þess að stjórn samþykki nýtt skipurit fyrir félagið á næsta reglubundna fundi stjórnar.

2. Yfirferð stjórnar með framkvæmdastjóra fyrir árið 2014

Framkvæmdastjóra falið að yfirfara verkferli í kringum starfs- og áætlunarvinnu fyrirtækisins. Stjórn ítrekar mikilvægi þess að lokið verði við endurskoðun stofnsamþykktar Strætó bs. og var stjórnarformanni falið að taka málið upp við stjórn SSH og óska eftir fundi með þeim.

3. Gjaldskrármál

Ákveðið var að bæta við tveimur nýjum fargjaldaformum, barna- og ungmenna árskortum. Árskort fyrir börn á aldrinum 6-11 ára sem mun kosta 7.900 kr. og árskort fyrir ungmenni 12-18 ára sem mun kosta 19.900 kr. Stjórnin leggur áherslu á að gjaldskrárbreytingar nú í almenna strætókerfinu hafi ekki áhrif á gjöld í Akstursþjónustu fatlaðra. Meðfylgjandi gjaldskrárbreyting samþykkt.

4. Innri endurskoðun

Stjórn samþykkir tillögu frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar um að innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar verði falið að fylgja eftir fyrir hönd stjórnar þeim verkefnum við áhættustjórnun og innra eftirlit sem nefndin hefur hér gert tillögur um. Meðfylgjandi er minnisblað frá formanni endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar.

5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

Bryndís Haraldsdóttir, stjórnarformaður sem á sæti í neyðarstjórninni og Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri sem er starfsmaður þeirrar stjórnar, fóru yfir störf stjórnarinnar.

6. Áhættumat vegna fyrirhugaðs akstursútboðs

Ágúst Þorbjarnarson og Arnar Jóhannesson frá Framsækni, fóru yfir stöðu verkefnisins. Guðmundur Siemsen, lögfræðingur hjá Advel var viðstaddur umræðuna.

7. Kóðadeiling

Frestað

8. Strætó Appið – næstu skref

Frestað

9. Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra

Frestað

10. Fyrirhugaðar breytingar á tímatöflu og vaktakerfi
Frestað

Aukafundur verður haldinn í stjórn næstkomandi mánudaginn, 16. febrúar 2015 kl: 17:00.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 10:30

Bryndís Haraldsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Einar Birkir Einarsson